



Fundargerð	
Yfirskrift / efni:	Stjórnarfundur 4
Staðsetning:	ÍSí og fjarfundur
Hvenær:	27.8.25 klukkan 17:00
Þátttakendur:	Valgerður Rún Benediktsdóttir - Formaður Guðmundur Sigurðsson – Varaformaður Jóhann Ágúst Jóhannsson – Gjaldkeri Helga Hákonardóttir - meðstjórnandi Böðvar Már Böðvarsson – Varamaður Þórarinn Már Þorbjörnsson – Framkv.- og íþróttastjóri
Fjarverandi:	Ársæll Rafn Erlingsson – Ritari Katrín Fjóra Bragadóttir - Varamaður
Fundarritari:	JÁJ

Yfirferð og samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Síðasta fundargerð ekki tilbúin og því ekki hægt að afgreiða, gert næst

Prókúrumál

PMP fer yfir að það vantar síðustu fundargerð til að senda á banka upp á að skipta um prókúruhafa.

Fækkun liða í 1. deild og 2. deild karla

VRB búin að senda á hópinn útfærslur á hvernig undið verður ofan af 12 liða deild. Frétt um útfærsluna verður sett á vefinn. Útfærsla á hvort og hvernig 3. deild verður spiluð 2026-2027 afgreidd síðar.

Íslandsmót einstaklinga - útfærslur

VRB búin að senda á hópinn. Smá áhyggjur af fjöldatakmörkunum en við erum bundin af húsinu með tíma og verðum að spila eftir því. Breytingar á mótí samþykktar og verða kynntar á vefnum.

Skipan í nefndir og endurskoðun nefndarstarf

Búið að skipa í tækni- og mótanefnd, hafa hafið störf. VRB og JÁJ búin að taka smá yfirferð um þetta, sent á stjórn til umfjöllunar.

Rætt um nefndir með ákvörðunarvald og hvernig lög okkar og reglur taka á m.t.t. krafna ÍSí. JÁJ fór yfir hvernig þetta er núna skv. lögum eftir samtal við Laganefnd ÍSí á sínum tíma.

Aganefnd, skoða með að manna þetta hvort það sé eftir verkefnum eða fasta setu. Ákv. að skoða hvaða nöfn koma til greina.

Mótanefnd, Unglinganefnd og eftir atvikum Landsliðsnefnd þurfa að vinna meira saman ásamt framkvæmdastjóra. Sameining á hluta nefndarstarfa eftir atvikum.

Dómaranefnd. JÁJ tekur að sér að skipuleggja dómaramámskeið. Lagt með að þetta sé fyrir þá sem eru í mótaumsjón sem og fyrirliða. PMP verður til aðstoðar.

Starfslýsing framkvæmda- og íþróttastjóra

VRB fer yfir að búið er að senda á alla uppl. um hvernig starfslýsing er. Gæti tekið breytingu þegar tilætlaður vinnufundur keilusamfélagsins verður um stefnur og áherslur komandi ára. Starfslýsing er samþykkt.

Afreks- og landsliðsmál

VRB búið að kynna sér þetta, skoða aðra, hvað við erum með og er á því að þetta megi setja upp í fjóra megin þætti:

- stefna
- stjórnsýsla / umhverfið
- framkvæmd
- persónur og leikendur

Rætt um hlutverk eða hvernig fatlaðir og Special komast inn í afreksstarf okkar. JÁJ leggur til að það verði skoðað hvaða flokkar eru til bæði varðandi fatlaða og Special þátttakendur svo hægt verði að taka tillit til þeirra í Afreksstefnu okkar.

Endurskoða þarf Afreksstefnu okkar, komin á tíma. Umræður um hvernig halda eigi utan um vinnu við endurskoðun. Á að halda fund með aðilum, kalla eftir uppl. eða annað. Stjórn tekur síðan saman og setur fram nýja Afreksstefnu sem á endanum verður lögð fyrir þing til samþykktar.

Rætt um Landsliðsnefnd. Tillögur hafa komið fram um að landsliðsþjálfarar sitji í nefnd. Niðurstaða er að finna aðila utan þeirra, nefnd eru 5 nöfn sem tala á við. Valdimar formann ÍR, Inga Geir Sveins frá ÍA, Hörð Inga frá ÍR, Ásgrím Helga og Dagnýju Eddu frá KFR.

Hlutverk nefndar er skv. reglugerð. Lagt til að endurskoða hana og fá þá nefndina með í það verk sem og Afreksstefnuna. VRB fer í endurskoðun reglugerðar.

Rætt um mögulegt boð á HM karla, Valgeir Guðbjarts hafði samband óformlega og sagði að það gæti verið að okkur yrði boðið sæti. Búið að ræða að ekki væri hægt að segja nei við því komi boðið enda var gert ráð fyrir því í áætlunum. Kvennaliðið fékk boð um að fara, fjármunir nýttir í þá ferð. Þegar verið sent erindi til ÍSÍ um hvort að hægt verði að fá aukið fjármagn ef karlaliðinu verður boðin þátttaka.

Miðlun, umræða um fréttir, samfélagsmiðla, útsendingar

VRB þakkar GS fyrir umfjöllun liðinna daga um mót sem hafa verið í gangi. Bendir á þörf þess að setja fréttir af því sem við erum að gera, bæði á vefsíðu okkar og samfélagsmiðla.

VRB og JÁJ taka saman drög að því hvernig við fjöllum um okkar mál í miðlum.

Önnur mál

JÁJ – Hörður Ingi á fund með Sýn á morgun varðandi sjónvarpsmál, aðal mál verða Úrvalsdeild, Íslandsmót einstaklinga og svo hlera með RIG. Kallar í okkur með framhaldið.

RIG – ÞMP átti að senda fjárhagsáætlun með og án ETB þátttöku. Gerir það eftir fundinn.

JÁJ – Spyr um Meistarakeppnina hvort allt sé klárt. ÞMP og GS nefna að hægt sé að streyma í gegn um Lantalk.tv Sjáum hvort að það gangi upp, annars í gegn um Fésbókarasiðu KLÍ.

Næsti fundur er áætlaður miðvikudagurinn 10. september

Fundi slitið kl. 19:00